

# 306. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 11. MARS 2020 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
  - a) Umræður fyrir fjárhagsáætlun ársins 2021 og hugmyndir að vinnulagi
  - b) Voli
  - c) Syðra Laugaland
- 3) Starfsemi
  - a) Kynning á sérverkefnum
  - b) Kynning frá verkefnastjóra fasteignasviðs
  - c) Kynning frá starfsfólki fræðslu- og kærleikspjónustusviði
  - d) Kynning frá samráðshópi biskups Íslands vegna Covid 19 Coronaveirunnar
- 4) Kirkjuþing
  - a) Kynning frá formönnum fastanefnda kirkjuþings
- 5) Önnur mál
  - a) Erindi Hvalfjarðarsveitar
  - b) Orgelnefnd
  - c) Samþykktir uppstillingarnefndar

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 9:30. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon í gegnum fjarfundabúnað.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Guðrún Finnbjarnardóttir, fulltrúi, sem ritaði fundargerð.

Margrét Hannesardóttir sat fundinn undir dagskrárlið 3a.

Arnór Skúlason, verkefnisstjóri fasteignasviðs, sat fundinn undir dagskrárlið 3b.

Sr. Sigfús Kristjánsson, sviðsstjóri fræðslu- og kærleikspjónustusviðs biskupsstofu og Magnea Sverrisdóttir djákni, verkefnisstjóri á sviðinu sátu fundinn undir dagskrárlið 3c,

Pétur G. Markan, samskiptastjóri biskupsstofu, sr. Sigfús Kristjánsson og sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur, sátu fundinn undir lið 3d.

Undir dagskrárlið 4a sat fundinn Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, fyrsti varaforseti kirkjuþings.

Framkvæmdastjóri reifaði stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

---

## 2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

a) *Umræður fyrir fjárhagsáætlun ársins 2021 og hugmyndir að vinnulagi*

Lögð var fram greinargerð fjármálastjóra. Fjármálastjóri kynnti hugmyndir að vinnulagi við gerð fjárhagsáætlunar.

b) *Voli*

Kirkjuráð samþykkti að fresta ákvörðun um sölu jarðarinnar Vola að svo stöddu.

c) *Syðra Laugaland*

Kirkjuráð samþykkti að óskað yrði eftir söluheimild fyrir jörðina á kirkjuþingi í mars.

---

## 3. STARFSEMI

---

a) *Kynning á sérverkefnum*

Sérfræðingur Biskupsstofu kynnti sérverkefni í vinnslu.

b) *Kynning frá verkefnastjóra fasteignasviðs*

Verkefnastjóri fasteignasviðs fór yfir helstu verkefni fram undan og svaraði fyrirspurnum.

c) *Kynning frá starfsfólki fræðslu- og kærleikspjónustusviðs biskupsstofu*

Starfsfólk fræðslu- og kærleikspjónustusviðs fór yfir helstu verkefni á sviðinu, þau sem eru í forgangi, þátttöku starfsmanna í ýmsum nefndum og starfshópum kirkjunnar og helstu verkefni

sem fram undan eru. Magnea kynnti m.a. Heimsmarkmiðabókina sem gefin er út af Norsku kirkjunni um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og gat um málþing um þau efni sem stefnt er að 20. mars nk. og viðburðum sem fram undan eru.

*d) Kynning frá samráðshópi biskups Íslands vegna Covid 19 Coronaveirunnar*

Samráðshópur sem er biskupi til ráðuneytis varðandi viðbrögð kirkjunnar vegna Covid 19 veirunnar kynnti fyrirbyggjandi verkefni og verkáætlun og svaraði fyrirspurnum.

---

#### 4. KIRKJUÞING

---

*a) Kynning frá formönnum fastanefnda kirkjuþings*

Varaforseti kirkjuþings sem jafnframt er formaður Framtíðarnefndar, fór yfir stöðu fyrirbyggjandi mála sem óafgreidd eru á kirkjuþingi.

---

#### 5. ÖNNUR MÁL

---

*a) Erindi Hvalfjarðarsveitar*

Lagt var fram erindi menningar- og markaðsnefndar Hvalfjarðarsveitar varðandi verkefni sem felst í merkingu sögu- og merkisstaða í sveitarfélaginu.

Kirkjuráð samþykkti að vísa ósk um fjárhagslegan stuðning við verkefnið til fjárhagsáætlunar 2021.

Kirkjuráð samþykkti beiðni um heimild til að setja skilti niður við bílaplan Hallgrímskirkju í Saurbæ. Biskup mun, gangi þessi áform eftir, afhjúpa skilti við fyrirhugaða athöfn verði því komið við.

*b) Orgelnefnd*

Kirkjuráð samþykkti tillögur uppstillingarnefndar kirkjuráðs um að frestað yrði að skipa í orgelnefnd kirkjunnar meðan beðið er starfsreglna um nefndina. Stefnt er að því að tillögur að starfsreglum um þau efni verði lagðar fram á kirkjuþingi í haust.

*c) Samþykktir uppstillingarnefndar*

Kirkjuráð ræddi tillögur framkvæmdastjóra um útvíkkað hlutverk uppstillingarnefndar og hugmyndir um breytingar á samþykktum. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá samþykktunum í samræmi við það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn miðvikudaginn 8. apríl nk.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Guðrún Finnbjarnardóttir  
fulltrúi

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir